

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

375. fundur

Föstudaginn 13. október 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Elísa Kristmannsdóttir.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Fjárhagsáætlun áframhaldandi umræður
2. Útboð á akstri

Tekið fyrir:

1. Fjárhagsáætlun áframhaldandi umræður

Framkvæmdastjóri og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Gert er ráð fyrir að tekjur aukist um tæp 16% milli áranna og að rekstrarniðurstaða verði jákvæð um rúmar 10 milljónir króna. Fjárfesting á næsta ári verði um 400 milljónir króna. Stjórn samþykkir að leggja fjárhagsáætlun fyrir eigendafund Strætó sem haldin verður mánudaginn 16. október n.k. til samþykktar. Stjórn Strætó leggur áherslu á að unnið verði í því að fjárhagsskipun Strætó til framtíðar verði leyst sem allra fyrsta.

2. Útboð Strætó nr. 15887

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og tilboð sem bárust. Fjögur tilboð bárust í þrjá útboðshluta og voru öll þeirra yfir kostnaðaráætlun. Lagt var fram minnisblað frá lögfræðingi félagsins varðandi mögulegar leiðir. Haldnir voru skýringarfundir með lögstjórðendum í hvern útboðshluta. Verið er að fara ítarlega yfir tilboðin og verður málið tekið upp að nýju á eigendafundi Strætó, mánudaginn 16. október og rætt áfram á vettvangi stjórnar á næsta stjórnarfundi.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9:30

Fylgiskjöl: Drög að fjárhagsáætlun 2024

Magnús Örn Guðmundsson

Alexandra Briem

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Hrannar Bragi Eyjólfsson